

Fyrsti leikur í körfunni á fimmtudag

Skrifað af Körfuboltadeild

Laugardagur, 06 Október 2012 19:12

Höttur hefur leik í 1. deildinni í körfuboltanum með heimaleik gegn Þór Akureyri fimmtudaginn 11. október. Leikurinn hefst kl. 18:30.

Þrír leikmenn hafa hætt með Hetti síðan á síðasta tímabili. Það eru erlendu leikmennirnir Mike og Trevon og svo Bjarki Oddsson sem nú þjálfar líð Þórs og mætir með þá í fyrsta leik til Egilsstaða. Í lið Hattar hafa bæst þeir Frisco Sandidge og Austin Magnús Bracy. Þeir koma báðir frá Bandaríkjunum en Austin Magnús er hálfíslenskur og hefur áður leikið á Íslandi, með Val á síðustu leiktíð. Annars er breytingin sú að ungir leikmenn Hattar eru orðnir einu ári eldri og reyndari. Í leikmannahópi Hattar eru átta leikmenn innan við tvítugt. Hinir hafa líka elst en það telst þeim ekki öllum til tekna.

Á næstunni munu leikmenn meistaraflokks Hattar ganga í hús og selja ársmiða á leiki Hattar. Ársmiðinn kostar 5.000 kr. og gildir á alla níu heimaleiki Hattar í deildinni. Aðgöngumiði á stakan leik kostar 1.000 kr. svo góð kaup eru í ársmiðanum og vonum við að bæjarbúar taki vel á móti leikmönnum og styðji við bakið á liðinu í vetur.